

Pétur Stefánsson lauk prófi í byggingarverkfræði frá Technishe Hochschule í München í Þýskalandi árið 1964.

Hann var verkfræðingur hjá Almenna byggingafélaginu hf 1964-67 og vann meðal annars við byggingu Laugardalshallarinnar og Kísiliðjunnar við Mývatn. Pétur var ráðgjafarverkfræðingur hjá Fasteignamatsnefnd Reykjavíkur 1968-70. Hann stofnaði, ásamt öðrum, Almennu verkfræðistofuna hf. árið 1971 og vann þar til ársins 2005. Hann var aðstoðarframkvæmdastjóri frá 1987 og framkvæmdastjóri 1999-2002. Á starfsferli sínum kom Pétur að mörgum stórum verkefnum, má þar nefna byggingarstjórn við Hrauneyjafoss, verkefnisstjórn við nýjan flugvöll á Egilsstöðum og hann var verkefnisstjóri Bessastaðanefndar.

Pétur hefur gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum. Má þar nefna að hann var í matsnefnd íbúðarhúsa í Vestmannaeyjum eftir eldgos 1973 og var í gerðardómi um jarðhitaréttindi í Svartsengi 1976. Hann var formaður nefndar til að endurskoða matskerfi Fasteignamats ríkisins og brunabótamats og gegndi formennsku í Yfirfasteignamatsnefnd á árunum 1988 – 2010. Pétur var formaður Félags ráðgjafarverkfræðinga um tveggja ára skeið og formaður Rannsóknaráðs ríkisins. Pétur var einn af stofnendum Verkefnastjórnunarfélags Íslands.

Pétur hefur tekið virkan þátt í starfi Verkfræðingafélags Íslands og hefur alla tíð reynst félaginu traustur liðsmaður. Hann var varaformaður félagsins 1977-79 og formaður 1996-99. Hann var sæmdur heiðursmerki félagsins 2008.

Pétur var í lykilhlutverki við stofnun Öldungadeildar VFÍ í marsmánuði 2019 og hefur verið formaður frá upphafi. Undir hans stjórn hefur deildin unnið öflugt og farsælt starf þannig að eftir hefur verið tekið innan félags og utan.